

Frumvarp um breytingu á tekju- og eignaskattslögum:

Innlagnir í fjárfestingarsjóð frestist til 1. júlí

LÁRUS Jónsson (S) og fjórir aðrir þingmenn efri deildar Alþingis lögðu fram í gær frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði laganna þurfi innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillags vegna rekstrarársins 1983 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1984. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1984 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi.

Auk Lárusar flytja frumvarpið þeir Stefán Benediktsson (BJ), Tómas Árnason (F), Valdimar Indriðason (S) og Eyjólfur Konráð Jónsson (S). Í greinargerð segir m.a., að vegna þess hversu breytingar á tekjuskattslögunum hefðu verið síðbúnar gæfist rekstraraðilum ekki tími til að ljúka uppgjöri nægilega snemma til að fyrir liggi fyrir 1. júní nk. forsendur til að taka ákvörðun um tillögur í fjárfestingarsjóði skv. ákvæðum hinna nýju laga. Því sé nauðsynlegt að veita eins mánaðar viðbót- arfrest til innlagnar. Þá segir: „Þykir einnig ástæða til að heimila að innlögn í slíka reikninga í júnímánuði 1984 sé laus til út-

borgunar eftir sex mánuði frá innlagnardegi í stað þess að miðað sé við fyrsta dag næsta mánaðar á eftir innlögn. Gefst þannig færi á því að nýta fjárfestingarsjóðstillagið til fjárfestinga strax á rekstrarárinu 1984 þrátt fyrir óvenjusíðbúið uppgjör.“

Stéttarsamband bænda:

Ekki réttlátt að vandi annarra sé leystur á kostnað bænda

ÞANN 9. maí sl. lækkaði ríkisstjórnin niðurgreiðslur ríkissjóðs á búvöruverði. Niðurgreiðslur voru alveg felldar niður á rjóma, osti, nautgripakjöti og kartöflum, en lækkaðar stórlega á öðrum vörum, svo sem nýmjólk og kindakjöti. Þessar aðgerðir hafa í för með sér verulegar hækkanir á verði þessara vörutegunda og hætt við að sala á þeim minnki, segir í frétt frá Stéttarsam-

bandi bænda.

Stéttarsamband bænda vill vekja athygli á, að ef dregur úr sölu búvara, þá mun sá samdráttur lenda með fullum þunga á bændastéttinni sem kjararýrnun, þar eð engir markaðir eru fyrir þessar vörur.

Stéttarsamband bænda mót-mælir þessum aðgerðum og hvern-

ig að þeim er staðið. Ekki er réttlátt að leysa vanda annarra stétta á kostnað bænda, enda gefur staða þeirra ekkert tilefni til slíks. Stéttarsamband bænda ítrekar samþykktir síðasta aðalfundar þess, um að stjórnvöld hafi samráð við stéttarsambandið um framtíðarstefnu í niðurgreiðslumálum og um einstakar breytingar á þeim, og að komið verði í

veg fyrir sveiflur á verði búvara vegna niðurgreiðslubreytinga.

Stéttarsambandið telur með öllu óviðunandi að afkomu bænda sé stofnað í meiri tvisýnu en orðið er með aðgerðum sem þessum og væntir þess að í framtíðinni verði einnig tekið tillit til hagsmuna bænda þegar leysa þarf vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar.



„Frá Skólabrú til Gullinbrúar“

DAVÍÐ Oddsson, borgarstjóri, opnaði á laugardag sérstaka sögu- og skipulagssýningu á Kjarvalsstöðum, sem hefur hlotið einkunnarorðin „Frá Skólabrú til Gullinbrúar“.

Markmið með sýningunni er að gefa borgarbúum og öðrum landsmönnum tækifæri til þess að kynna sér ýmsa þætti í skipulagi Reykjavíkur, bæði úr nútíð og framtíð. Sýningin verður opin til 20. maí. Meðfylgjandi mynd er tekin við opnun sýningarinnar. Á sunnudag flutti Páll Línadal lögmaður erindi sem hann nefndi: „Aldaskrá, spjall um þróun skipulagsmála í Reykjavík undanfarin 100 ár.“

ÓDÝRT TIL ÍRLANDS

25. maí verður sérlega ódýr 10 daga ferð til Írlands. Í maí og júní skartar Írsk náttúra sínu fegursta og óteljandi golfvöllir sínu grænasta. Hægt er að velja um ýmsa ferðamöguleika, en **alltaf er innifalinn gisting með morgunverði tvær fyrstu næturnar** á Burlington, sem er 4ra stjörnu hótél í miðborg Dublin. Þar mun umboðsmaður Úrvals í Dublin aðstoða farþega við skipulagningu ferðaáætlaða.

Flug og 2ja náttu gisting: Verð frá kr. 10.100.- Innifalið flug og 2ja náttu gisting og morgunverður á Burlington.

Flug og bíll: Írland er lítið land og þægilegt yfirferðar. T.d. eru aðeins 219 km frá Dublini þvert yfir til Galway og 309 km frá Dublin niður til Killarney. Billinn er afhentur á Hótél Burlington að morgni 27. maí. **Verð frá kr. 11.036.-** Innifalið flug, 2ja náttu gisting og morgunverður á Burlington, bíll í 9 daga með ótakmörkuðum akstri, söluskattur og ábyrgðartrygging.

Frjáls eins og fuglinn: Hótelpassi, sem gildir á yfir 20 góðum hótélum víðs vegar um Írland. Ferðaáætlunin er gerð frá degi til dags, allt eftir skapi ferðalanganna eða veðurguðanna. Þessi ferðamáti er **tilvalinn fyrir golfáhugafólk. Verð frá kr. 15.252.-** Innifalið flug, gisting og morgunverður á Burlington, bíll í 9 daga með ótakmörkuðum akstri, söluskattur og ábyrgðartrygging og hótelpassi í 8 nætur.

Flug og sumarhús, í Killarney Lakeland Cottage, Kerry Caragh Village eða Waterford Tramore Villas. Allt eru þetta ný og glæsileg sumarhúshverfi með fullkominni aðstöðu og stórglæsilegum húsum. 8 daga leiga á 4ra manna sumarhúsi kostar aðeins **5.750 kr.**, 6 manna frá kr. **6.330.-** og 8 manna frá kr. **7.400.-** Flug, bíll og sumarhús kostar frá kr. **12.473.-**

Flug og sigling: Ein vinsælasta aðferðin við að eyða fríinu sínu á Írlandi er að sigla á glæsilegum vatnabát um hið rómaða vatnasvæði Shannon. 8 daga leiga á 4ra manna bát kostar kr. **13.838.-** Innifalið er þá einnig flutningur milli Hótels og Shannon, tilsoðn í meðferð bátsins og kynning á siglingaleiðum. Flug, gisting og morgunverður á Burlington og sigling kostar frá kr. **13.560.-**

FERÐASKRIFSTOFAN ÚRVAL

Ert þú ekki samferða í sumar? – Síminn er 26900.

